

Starfamessa á Suðurlandi 2015 - greinargerð

Aðdragandi - undirbúningur - framkvæmd - uppgjör.

Starfamessa á Suðurlandi 2015 var haldin í Fjölbautaskóla Suðurlands 19. mars 2015 kl. 10-16 í samstarfi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, Atorku - félags atvinnurekenda á Suðurlandi, Háskólaþáls Suðurlands, Vinnumálstofnunar á Suðurlandi og grunn- og framhaldsskóla á svæðinu.

Kveikjan að Starfamessunni var könnun sem gerð var á þörf fyrir verk- og tækninám á Suðurlandi í samvinnu Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga og Fræðslunetsins - símenntunar á Suðurlandi. Við vinnslu skýrslunnar komu fram hugmyndir um að staðið yrði sameiginlega að kynningu á störfum og fyrirtækjum á Suðurlandi. Í skýrslunni kemur fram að ungmenni á Suðurlandi vita lítið um þau störf sem unnin eru á vinnumarkaði. Það varð því eitt af fyrstu verkefnum samráðshóps menntunar og atvinnulífs að blása til Starfamessunnar.

Auglýst var eftir fyrirtækjum/fulltrúum starfsgreina til að taka þátt í Starfamessunni í byrjun desember 2014.

Auglýsingin fékk litlar undirtektir og því var samið bréf sem sent var út til valinna fyrirtækja á svæðinu þar sem óskað var eftir aðkomu þeirra. Í kjölfarið hringdu þau Sigurður Þór Sigurðsson formaður Atorku og Kristín Hreinsdóttir í fyrirtækin og/eða heimsóttu þau. Loks voru haldnir tveir samráðsfundir þar sem fyrirtækin sem tóku þátt komu og skiptust á hugmyndum um framkvæmd og skipulagningu.

Á Starfamessu á Suðurlandi 2015 voru 28 kynningarstöðvar þar sem yfir 30 sunnlensk fyrirtæki kynntu starfsemi sína og störfin sem unnin eru innan fyrirtækjanna. Áherslan að þessu sinni var á iðn- og tæknimenntun, ferðaþjónustu og garðyrkju. Lögð var áhersla á að kynningar væru líflegar til að vekja áhuga nemenda, en milli 15 og 16 hundruð nemendur í 9. og 10. bekk grunnskóla og framhaldsskóla mættu á



Starfamessuna, auk kennara, ungra atvinnuleitenda á vegum Vinnumálastofnunar á Suðurlandi, sveitarstjórnarmanna og annarra gesta. Þar mátti sjá úrbeiningu og vinnslu á kjöti, pylsugerð, hársnyrtingu, ljósmyndun, andlitsförðun, beislissmíði, mismunandi rafmagnskapla, alls kyns smíðisgripi blikksmiðs, dúklagningu, bílvél, tækjabúnað málara, gerð á einangrun fyrir plaströr, o.fl., o.fl. Á sumum stöðvum voru verkefni sem gestir máttu spreyta sig á og voru þær stöðvar mjög vinsælar. Sem dæmi má nefna stöð TRS og Árvirkjans þar sem gestir fengu að setja saman rafeindakubb sem kveikti mismunandi mörg ljós. Deginum var skipt í þrjú tímabil: kl. 10-12, 12-14 og 14-16 og skólunum raðað inn á tímabilin til að jafna aðsóknina. Hugmyndir að ratleikjum með verkefnum til að leysa fyrir gesti voru sendir út í skólana og til Vinnumálastofnunar og nýttu langflestir sér þá í einhverju formi. Allir þeir sem sáu um kynningar á Starfamessunni voru á einu máli um að ratleikirnir hefðu stuðlað vel að dreifingu gesta og eins hefðu þeir dregið gesti að kynningarstöðvunum og orðið til þess að gestir spurðu um fyrirtækin og starfsgreinarnar.

Starfamessan tókst vel og iðaði Fjölbautaskóla Suðurlands af mannlífi og starfsgleði allan tímann.

Fyrirtækin/aðilar sem tóku þátt í Starfamessu á Suðurlandi 2015 voru:

Auðbjörg	MS
Árvirkinn	Múrþjónusta Helga
Baldvin og Þorvaldur	Rammi
Bílapjónusta Péturs	SET
Bylgjur og bartar	Snyrtistofa Ólafar
Garðyrkjustöðin Ártangi	SS
Garðyrkjustöðin Espiflöti	Stúdíó Stund
Guðmundur Tyrfingsson	Sunnlenska fréttablaðið
Guðnabakarí	Syrusson
Hafnarnes Ver	TH Blikk
Hótel Selfoss	Toyota á Selfossi
Ingunn Jónsdóttir hönnuður	TRS
LBHÍ á Reykjum	Tækniskólinn
Landform	Úrvalshestar
Landsvirkjun	Vélsmiðja Suðurlands
Málningaráþjónusta Suðurlands	

Skólanir sem sendu nemendur og kennara voru:

Barnaskólinn á Eyrarbakka og	Bláskógaskóli
Stokkseyri	Fjölbautaskóli Suðurlands
Flóaskóli	Grunnskólinn í Hveragerði
Flúðaskóli	Grunnskólinn í Þorlákshöfn
Grunnskólinn á Hornafirði	Hvolsskóli

Kirkjubæjarskóli
Laugalandsskóli
Menntaskólinn á Laugarvatni

Sunnulækjarskóli
Vallaskóli
Víkurskóli

Starfamessan fékk góðan styrk frá Vinnumarkaðsráði, en að öðru leyti dreifðist kostnaður við verkefnið á alla þátttakendur. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga kostuðu verkefnisstjóra, formaður Atorku gaf alla sína vinnu, fyrirtækin greiddu sinn kostnað við uppsetningu og kynningu, Fjölbautaskóli Suðurlands lánaði húsnæði og búnað án endurgjalds og sveitarfélögin greiddu kostnað við flutning sinna nemenda til og frá Starfamessunni, nema hvað nemendur frá Hornafirði fengu frítt í strætó aðra leiðina, enda áttu þeir um lengstan veg að fara.

Uppgjörsfundur var haldinn á Hótel Selfossi föstudaginn 27. mars 2015 kl. 11:30 og boðið upp á léttan hádegisverð. Til fundarins voru boðaðir forsvarmenn allra þeirra fyrirtækja sem tóku þátt í Starfamessunni, skólastjórnendum á Suðurlandi og fulltrúa Vinnumarkaðsráðs. Vel var mætt af hálfu fyrirtækjanna, en einungis tveir fulltrúar grunnskólanna mættu. Á fundinum var sýnt myndband sem Magnús Hlynur Hreiðarsson tók af Starfamessunni og styrkt var af Vinnumarkaðsráði, sem og stutta frétt sem N4 birti frá messunni. Bæði myndböndin er hægt að skoða á heimasíðu Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga: www.sass.is. Þá var farið yfir hvað þátttakendum fannst hafa tekist vel og hvað mætti betur fara. Þátttakendur voru mjög ánægðir með hvernig til tókst



og voru margir komnir með hugmyndir um hvernig þeir gætu jafnvel bætt um betur. M.a. mættu merkingar á kynningarstöðvum vera betri, þrjár stöðvar reyndust vera örlítið úrleiðis (í gryfjunni og nágrenni), langflestir gestir komu á fyrsta tímabilinu og fæstir á því síðasta og því spurning hvort ekki mætti fækka tímabilunum í tvö. Þá var rætt hversu oft væri heppilegt að halda Starfamessu á Suðurlandi og voru flestir sammála um að heppilegt væri að halda hana annað hvert ár, á móti Íslandsmóti iðngreina, sem haldið er í Kórnum í Kópavogi annað hvert ár og hefur verið vel sótt af grunn- og framhaldsskólanemum alls staðar að af landinu.

Afhent voru viðurkenningarskjöl fyrir þáttökuna og fundargestum tilkynnt að þeir fengju myndlykil sendan með myndböndunum tveimur sem sýnd voru í upphafi fundarins. Það var gert skömmu síðar og fengu þá þeir þáttakendur úr hópi fyrirtækja og skólastjórnendur sem ekki komust á uppgjörsfundinn einnig send viðurkenningarskjöl fyrir þáttökuna.

Í kjölfar uppgjörsfundarins voru sendar út kannanir á grunn- og framhaldsskóla sem skólastjórendur og umsjónarkennrar voru beðnir að leggja fyrir nemendur sína rafrænt. Einnig var sambærileg könnun send Vinnumálastofnun á Suðurlandi til að leggja fyrir þá ungu atvinnuleitendur sem einnig komu á Starfamessuna. Alls bárust 215 svör frá nemendum og 15 svör frá atvinnuleitendum.

Um 60% nemenda fannst Starfamessan gagnleg eða mjög gagnleg og rúm 53% atvinnuleitenda. 100% atvinnuleitenda sögðust hafa fengið mjög eða nokkuð góð og gagnleg svör frá fyrirtækjunum og rúmlega 80% nemenda. 60% atvinnuleitenda sögðust hafa kynnst einu eða fleiri fyrirtækjum sem þeir þekktu ekki áður og tæp 80% nemenda. Tæp 27% atvinnuleitenda töldu að þátttaka þeirra í Starfamessunni myndi líklega hjálpa þeim að velja sér nám eða starfsgrein í framtíðinni, rúm 33% voru óvissir og 40% töldu að þáttakan myndi ekki hjálpa þeim að velja. Rúmlega 40% nemenda töldu að þátttaka þeirra í Starfamessunni myndi örugglega eða líklega hjálpa þeim að velja sér nám eða starfsgrein í framtíðinni, tæp 30% voru óviss og tæp 30% töldu hana ekki hjálpa þeim að velja. Ekki var merkjanlegur munur á svörum milli grunn- og framhaldsskólanemenda hvað þetta varðar, en þó svöruðu fleiri grunnskólanemendur að þátttaka þeirra í Starfamessunni myndi örugglega hjálpa þeim að velja, eða 15% á móti 7% framhaldsskólanema. Mjög misjafnt var hvaða starfsgreinar vöktu áhuga gestanna og voru svörin afar dreifð. Þó vöktu ljósmyndun, hárgreiðsla, snyrtifræði, hestagreinar, bakaraiðn, hönnun og upplýsinga- og tæknigreinar greinilega áhuga margra nemenda, á meðan vélfræði og málmiðn, kjötiðn og bílgreinar voru vinsælastar meðal atvinnuleitenda.



Öfugt á við fyrirtækin voru gestir ekki eins sannfærðir um gagnsemi ratleikjanna, en 33% atvinnuleitenda fannst ratleikurinn hafa verið gagnlegur til að nálgast fyrirtækin og tæp 39% nemenda.

Nánari niðurstöður kannananna má sjá í fylgiskjölum 1 og 2 hér á eftir.

*Kristín Hreinsdóttir
verkefnisstjóri*

Fylgiskjöl:

- 1) Niðurstöður könnunar meðal þátttakenda úr hópi nemenda grunn- og framhaldsskóla um Starfamessu á Suðurlandi 2015.
- 2) Niðurstöður könnunar meðal þátttakenda úr hópi ungra atvinnuleitenda um Starfamessu á Suðurlandi 2015.
- 3) Spurningalisti könnunar fyrir grunn- og framhaldsskólanemenda.
- 4) Spurningalisti könnunar fyrir unga atvinnuleitendur.

Fylgiskjal 1



Könnun vegna Starfamessu á Suðurlandi 2015 - svör nemenda -

Kristín Hreinsdóttir, verkefnisstjóri
27. apríl 2015

215

Fjöldi svara


9. apríl 2015

Könnun lokið að fullu: 215



Sp. 1: Í hvaða bekk ert þú?

Svarendur: 215 Slepptu spurningunni: 0




Answer Choices	Responses
9. bekk grunnskóla	23.72% 51
10. bekk grunnskóla	49.77% 107
1.-2. ári í framhaldsskóla	17.67% 38
3.-4. ári í framhaldsskóla	8.84% 19
Total	215



Sp. 2: Kyn svaranda:

Svarendur: 215 Slepptu spurningunni: 0

Framhaldsskólanemendur (57)





Grunnskólanemendur (158)



Answer Choices	Responses
Karlmaður	45.58%
Kvennaður	54.42%
Total	215

Sp. 3: Hversu gagnleg þótti þér Starfamessan?

Svarendur: 215 Slepptu spurningunni: 0




	Mjög gagnleg	Gagnleg	Hvorki gagnleg né ógagnleg	Ógagnleg	Total	Weighted Average
(no label)	18.14% 39	41.40% 89	33.95% 73	6.51% 14	215	2.71



Sp. 4: Telur þú að þátttaka þín í Starfamessu hjálpi þér að velja nám eða starfsgrein í framtíðinni?

Svarendur: 215 Slepptu spurningunni: 0

Framhaldsskólanemendur (57)



Grunnskólanemendur (158)




Answer Choices	Responses	
Já, örugglega	13.49%	29
Já, líklega	28.37%	61
Nei	29.30%	63
Veit það ekki	28.84%	62
Total	215	


Sp. 5 Hvaða starfsgrein/starfsgreinar fundust þér áhugaverðastar á Starfamessunni?

Svarendur: 215 Slepptu spurningunni: 0


Hér gátu þátttakendur valið eins margar starfsgreinar og þeir vildu.



Svör framhaldsskólanema (57)





Svör grunnskólanema (158)



Sp. 6: Fannst þér ratleikurinn gagnlegur til að nálgast fyrirtækin?

Svarendur: 215 Slepptu spurningunni: 0




	Mjög gagnlegur	Gagnlegur	Hvorki gagnlegur né ógagnlegur	Ógagnlegur	Total	Weighted Average
(no label)	8.84% 19	29.77% 64	41.40% 89	20.00% 43	215	2.27



Sp. 7: Fékkstu góð og gagnleg svör frá fulltrúum fyrirtækjanna sem voru að kynna starfsgreinar á Starfamessunni?

Svarendur: 212 Slepptu spurningunni: 3

Framhaldsskólanemendur (57)



Grunnskólanemendur (158)




	Já, mjög góð og gagnleg svör	Nokkuð góð og gagnleg svör	Hvorki gagnleg né ógagnleg	Nei, ég fékk ekki góð og gagnleg svör	Total	Weighted Average
(no label)	35.85%	45.28%	16.98%	1.89%	212	3.15
	76	96	36	4		



Sp. 8: Kynntist þú einhverjum sunnlenskum fyrirtækjum sem þú vissir ekki um á Starfamessunni?

Svarendur: 211 Slepptu spurningunni: 4

Framhaldsskólanemendur (56)



Grunnskólanemendur (155)




Legend: Já, mörgum (yellow), Já, nokkrum (teal), Já, einu (orange), Nei, ég þekkti öll fyrirtækin (grey).

	Já, mörgum	Já, nokkrum	Já, einu	Nei, ég þekkti öll fyrirtækin	Total	Weighted Average
(no label)	8.53% 18	51.66% 109	19.91% 42	19.91% 42	211	2.49



Sp. 9: Myndir þú vilja að Starfamessa á Suðurlandi yrði endurtekin?

Svarendur: 210 Slepptu spurningunni: 5

Framhaldsskólanemendur (55)



Grunnskólanemendur (155)



■ Já, einu sinni á ári. ■ Já, annað hvert ár. ■ Já, þriðja til fjórða hvert ár ■ Nei

Answer Choices	Responses
Já, einu sinni á ári.	62.38%
Já, annað hvert ár.	21.43%
Já, þriðja til fjórða hvert ár	6.19%
Nei	10.00%
Total	210

Fylgiskjal 2

SASS

Könnun vegna Starfamessu á Suðurlandi 2015 - svör atvinnuleitenda -

Kristín Hreinsdóttir, verkefnisstjóri
27. apríl 2015

15

Fjöldi svara


9. apríl 2015

Könnun lokið að fullu: 15



Sp. 1: Kyn svarenda


Svarendur: 15 Slepptu spurningunni: 0



Answer Choices	Responses	
Karlmaður	73.33%	11
Kvenmaður	26.67%	4
Total		15

Sp. 2: Hversu lengi hefur þú verið atvinnuleitandi?


Svarendur: 15 Slepptu spurningunni: 0



Answer Choices	Responses
Minna en 6 mánuði	40.00%
Meira en 6 mánuði	40.00%
Meira en ár	20.00%
Total	15

Sp. 3: Hvaða menntun hefur þú að baki?


Svarendur: 15



Answer Choices	Responses
Lauk grunnskóla	53.33% 8
Byrjaði í iðnnámi, en lauk ekki	33.33% 5
Byrjaði í bóknámi í framhaldsskóla, en lauk ekki	33.33% 5
Lauk stúdentsprófi	6.67% 1
Lauk iðnnámi, en komst ekki á samning	20.00% 3
Annað (vinsamlega útskýrið)	13.33% 2


Sp. 5: Telur þú að þátttaka þín í Starfamessu hjálpi þér að velja nám eða starfsgrein í framtíðinni?

Svarendur: 15



Spurning 4: Hversu gagnleg þótti þér Starfamessan?


Svör: 15



Sp. 5 Hvaða starfsgrein/starfsgreinar fundust þér áhugaverðastar á Starfamessunni?


Svarendur: 15 Slepptu spurningunni: 0

Hér gátu þátttakendur valið eins margar starfsgreinar og þeir vildu.




Sp. 7: Fannst þér ratleikurinn gagnlegur til að nálgast fyrirtækin?

Svarendur: 15 Slepptu spurningunni: 0




Sp. 8: Fékkstu góð og gagnleg svör frá fulltrúum fyrirtækjanna sem voru að kynna starfsgreinar á Starfamessunni?

Svarendur: 15 Slepptu spurningunni: 0




Sp. 9: Kynntist þú einhverjum sunnlenskum fyrirtækjum sem þú vissir ekki um á Starfamessunni?

Svarendur: 15



Sp. 10: Fannst þér vanta vanta kynningu á einhverri starfsgrein sem þú hefðir haft áhuga á?



Svör við spurningu 10: Ef já, þá hvaða starfsgrein?

- (1) útfararstjóri og líksnyrtir
- (2) sjúkrahús, sambýli o.p.h

Fylgiskjal 3: Könnun send nemendum

Könnun vegna Starfamessu á Suðurlandi 2015

* 1. Í hvaða bekk ert þú?

- 9. bekk grunnskóla
- 10. bekk grunnskóla
- 1.-2. ári í framhaldsskóla
- 3.-4. ári í framhaldsskóla

Annað (vinsamlega tilgreinið hvað)

* 2. Kyn svaranda:

- Karlmaður
- Kvenmaður

* 3. Hversu gagnleg þótti þér Starfamessan?



* 4. Telur þú að þátttaka þín í Starfamessu hjálpi þér að velja nám eða starfsgrein í framtíðinni?

- Já, örugglega
- Já, líklega
- Nei
- Veit það ekki

* 5. Hvaða starfsgrein/starfsgreinar fundust þér áhugaverðastar á Starfamessunni

- | | |
|--|--|
| <input type="checkbox"/> Garðyrkja | <input type="checkbox"/> Málaraiðn |
| <input type="checkbox"/> Bifvélavirkjun/bílgreinar | <input type="checkbox"/> Múrverk |
| <input type="checkbox"/> Rafeindavirkjun | <input type="checkbox"/> Trésmíði |
| <input type="checkbox"/> Landslagshönnun | <input type="checkbox"/> Fjölmíðla- og upplýsingataækni |
| <input type="checkbox"/> Blikksmíði | <input type="checkbox"/> Blaðaútgáfa |
| <input type="checkbox"/> Hárgreiðsla/háriðn | <input type="checkbox"/> Plastiðn (SET) |
| <input type="checkbox"/> Ljósmyndun | <input type="checkbox"/> Dúklagning |
| <input type="checkbox"/> Snyrtifræði | <input type="checkbox"/> Söðlasmiði |
| <input type="checkbox"/> Kjötiðn | <input type="checkbox"/> Hestagreinar |
| <input type="checkbox"/> Bakaraiðn | <input type="checkbox"/> Málm- og véltaekni |
| <input type="checkbox"/> Ferðapjónusta | <input type="checkbox"/> Rafvirkjun/rafeindavirkjun |
| <input type="checkbox"/> Orkuðnaður (Landsvirkjun) | <input type="checkbox"/> Mjólkuriðnaður |
| <input type="checkbox"/> Fiskvinnsla og útgerð | <input type="checkbox"/> Mér fannst ekkert áhugavert að sjá á Starfamessunni |
| <input type="checkbox"/> Hönnun | |

* 6. Fannst þér ratleikurinn gagnlegur til að nálgast fyrirtækin?

Mjög gagnlegur	Gagnlegur	Hvorki gagnlegur né ógagnlegur	Ógagnlegur
<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

7. Fékkstu góð og gagnleg svör frá fulltrúum fyrirtækjanna sem voru að kynna starfsgreinar á Starfamessunni?

Já, mjög góð og gagnleg svör	Nokkuð góð og gagnleg svör	Hvorki gagnleg né ógagnleg	Nei, ég fékk ekki góð og gagnleg svör
<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

Annað sem þú vilt taka fram um svör fulltrúa fyrirtækjanna?

8. Kynntist þú einhverjum sunnlenskum fyrirtækjum sem þú vissir ekki um á Starfamessunni?

Já, mörgum	Já, nokkrum	Já, einu	Nei, ég þekkti öll fyrirtækin
<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

9. Myndir þú vilja að Starfamessa á Suðurlandi yrði endurtekin?

- Já, einu sinni á ári.
- Já, annað hvert ár.
- Já, þriðja til fjórða hvert ár
- Nei

Lokið

Fylgiskjal 4: Könnun send atvinnuleitendum

Könnun vegna Starfamessu á Suðurlandi 2015 (2)

* 1. Kyn svaranda:

- Karlmaður
- Kvenmaður

* 2. Hversu lengi hefur þú verið atvinnuleitandi?

- Minna en 6 mánuði
- Meira en 6 mánuði
- Meira en ár

* 3. Hvaða skólagöngu hefur þú að baki?

- Lauk grunnskóla
- Byrjaði í iðnnámi, en lauk ekki
- Byrjaði í bóknámi í framhaldsskóla, en lauk ekki
- Lauk stúdentsprófi
- Lauk iðnnámi, en komst ekki á samning
- Annað (vinsamlega útskýrið)

* 4. Hversu lengi hefur þú verið atvinnuleitandi?

- Minna en 6 mánuði
- Meira en 6 mánuði
- Meira en ár

* 5. Hversu gagnleg þótti þér Starfamessan?

Mjög gagnleg

Gagnleg

Hvorki gagnleg né ógagnleg

Ógagnleg

* 6. Telur þú að þátttaka þín í Starfamessu hjálpi þér að velja nám eða starfsgrein í framtíðinni?

- Já, örugglega
- Já, líklega
- Nei
- Veit það ekki

* 7. Hvaða starfsgrein/starfsgreinar fundust þér áhugaverðastar á Starfamessunni

- | | |
|--|--|
| <input type="checkbox"/> Garðyrkja | <input type="checkbox"/> Málaraiðn |
| <input type="checkbox"/> Bifvélavirkjun/bílgreinar | <input type="checkbox"/> Múrverk |
| <input type="checkbox"/> Rafeindavirkjun | <input type="checkbox"/> Trésmíði |
| <input type="checkbox"/> Landslagshönnun | <input type="checkbox"/> Fjölmíla- og upplýsingataækni |
| <input type="checkbox"/> Blikksmíði | <input type="checkbox"/> Blaðaútgáfa |
| <input type="checkbox"/> Hárgreiðsla/háriðn | <input type="checkbox"/> Plastiðn (SET) |
| <input type="checkbox"/> Ljósmyndun | <input type="checkbox"/> Dúklagning |
| <input type="checkbox"/> Snyrtifræði | <input type="checkbox"/> Söðlasmiði |
| <input type="checkbox"/> Kjötiðn | <input type="checkbox"/> Hestagreinar |
| <input type="checkbox"/> Bakaraiðn | <input type="checkbox"/> Málm- og véltaekni |
| <input type="checkbox"/> Ferðapjónusta | <input type="checkbox"/> Rafvirkjun/rafeindavirkjun |
| <input type="checkbox"/> Orkuðnaður (Landsvirkjun) | <input type="checkbox"/> Mjólkuriðnaður |
| <input type="checkbox"/> Fiskvinnsla og útgerð | <input type="checkbox"/> Mér fannst ekkert áhugavert að sjá á Starfamessunni |
| <input type="checkbox"/> Hönnun | |

* 8. Fannst þér ratleikurinn gagnlegur til að nálgast fyrirtækin?

Mjög gagnlegur	Gagnlegur	Hvorki gagnlegur né ógagnlegur	Ógagnlegur
<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

9. Fékkstu góð og gagnleg svör frá fulltrúum fyrirtækjanna sem voru að kynna starfsgreinar á Starfamessunni?

Já, mjög góð og gagnleg svör	Nokkuð góð og gagnleg svör	Hvorki gagnleg né ógagnleg	Nei, ég fékk ekki góð og gagnleg svör
<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

Annað sem þú vilt taka fram um svör fulltrúa fyrirtækjanna?

10. Kynntist þú einhverjum sunnlenskum fyrirtækjum sem þú vissir ekki um á Starfamessunni?

Já, mörgum	Já, nokkrum	Já, einu	Nei, ég þekkti öll fyrirtækin
<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

11. Fannst þér vanta vanta kynningu á einhverri starfsgrein sem þú hefðir haft áhuga á?

- | |
|---|
| <input type="checkbox"/> Já |
| <input type="checkbox"/> Nei |
| <input type="checkbox"/> Ef já, þá hvaða starfsgrein? |

Takk fyrir þáttökuna.